


Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 65. tbl. Lögbirtingablaðsins 1944, um endurnýjun ferðaskírteina skipa eftir boði brezku flota-stjórnarinnar. 152
17. nóv.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni að nauðsynlegt sé að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. desember 1944 ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðal-konsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flota-stjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 66. tbl. Lögbirtingablaðsins 1944, um bannsvæði í og utan við Faxaflóa. 153
23. nóv.

Brezka herstjórnin hefur talið nauðsynlegt vegna kafbátahættu að banna alla umferð skipa í myrkri um ákveðið svæði í og utan við Faxaflóa. Takmörk svæðis-ins eru sem hér segir:



153
23. nóv.

(a)	Geirfugladrangur	
(b)	63.40 $\frac{3}{4}$	N. 22.49 V.
(c)	64.06 $\frac{3}{4}$	N. 22.49 V.
(d)	64.07	N. 22.33 V.
(e)	64.26	N. 22.33 V.
(f)	64.26	N. 23.18 V.

Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að banna fyrst um sinn, þar til öðru vísi verður ákveðið, fiskveiðar, siglingar og umferð allra skipa um þetta svæði í myrkri.

Skip, sem eru stödd utan þessa svæðis, en innan 60 sjómílna fjarlægðar frá Reykjavík, skulu vera svo vel lýst sem frekast er unnt.

Það er alvarlega brýnt fyrir mönnum að hlýða banni þessu. Hver sá, er út af því bregður, á það á hættu að verða fyrir hernaðaraðgerðum.

154
14. nóv.

GJALDSKRÁ

fyrir dómtúlkun og skjalapýðingar.

1. gr.

Grunngjöld fyrir störf dómtúlka og skjalapýðenda skulu vera sem hér segir:

Fyrir staka blaðsíðu heila kr. 19.40.

Fyrir hverja síðu í stærri pýðingu kr. 15.60.

Sé um tekniskt mál að ræða, hækkar grunngjald þetta um 50%.

Fyrir minnstu pýðingu kr. 10.00.

Skylt er skjalapýðanda að láta frumriti fylgja tvö samrit endurgjaldslaust. Séu látin af hendi fleiri samrit, skal fyrir hverja blaðsíðu samrit greiða kr. 2.50.

Við grunngjöld öll bætist 30% uppbót og síðan verðstuðulsuppbót eftir vísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

2. gr.

„Blaðsíða“ táknar í gjaldskrá þessari folíósíðu, 33 × 20 cm að stærð, vélritaða í aðrahvora línu í níu-stafa (nine-pitch) ritvél, og byrji lína í sextánda sæti á slíkri vél.

3. gr.

Lágmarksgrunngjald fyrir dómtúlkun skal vera kr. 25.00 fyrir eina klukkustund eða skemmri tíma. Fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund þar fram yfir, skal greiða kr. 12.00. Þetta verðlag skal bætt upp eftir því sem segir í 1. grein

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32/1914.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 1944.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.